

Ályktun frá Félagi dönskukennara

Aðalfundur Félags dönskukennara vekur athygli á breytingum á dönskukennslu á framhaldsskólastigi. Um þessar mundir er í framhaldsskólum landsins unnið að nýjum skólanámskrám í samræmi við lög um framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2008. Þetta felur í sér töluverðar breytingar á skipulagi dönskukennslu í skólakerfinu. Hið nýja skipulag birtist m.a. í færri áföngum í dönsku og jafnvel að Norðurlandamál verði ekki skyldugrein á náttúrufræðibrautum og í verkmenntaskólum.

Nýja fyrirkomulagið getur haft talsverð áhrif á nemendur og framtíðarmöguleika þeirra í námi og starfi. Eins og er eiga íslenskir nemendur kost á gjaldfrjálsu námi í eftirsóknarverðum og viðurkenndum menntastofnunum á Norðurlöndum. Þegar að kreppir sækja Íslendingar til Norðurlanda í atvinnuleit og í fréttum hefur komið fram að verið sé að senda nema í starfsnám á Norðurlöndum til að ljúka iðnnámi. Færni í Norðurlandamáli er nauðsynleg við slíkar aðstæður.

Framhaldsskólamenntun án kunnáttu í dönsku veikir aðstöðu Íslendinga til áframhaldandi náms í Danmörku og getur haft í för með sér kostnaðarsöm inntökupróf í dönsku í samkeppni við aðra. Íslendingar hafa til þessa notið þeirra forréttinda að þurfa ekki að taka umrædd inntökupróf.

Þess ber að geta að samkvæmt tölum frá Hagstofunni stundaði árið 2008 rúmlega helmingur íslenskra námsmanna erlendis nám á Norðurlöndum og 43,5% í Danmörku einni. Hér er eingöngu átt við námsmenn sem tóku lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Vegna aukinnar atvinnuþátttöku Íslendinga á Norðurlöndum er kunnátta í Norðurlandamáli mikilvæg til að aðlagast aðstæðum í nýju umhverfi.

Þátttaka Íslendinga í opinberu samstarfi Norðurlandabjórðanna er umsvifamikil á mörgum sviðum s.s. umhverfismálum, félagsmálum og ekki síst mennta- og menningarmálum og mun halda áfram. Þar er færni í Norðurlandamálum mikilvæg.

Á undanförunum árum hefur verið mikil gróska í ferðabjónustu á Íslandi og stjórnvöld leggja áherslu á að atvinnugreinin blómstri. Á þeim vettvangi er mikil þörf fyrir góða tungumálakunnáttu. Stór hluti ferðamanna sem heimsækir Ísland eru Norðurlandabúar. Eðlilegt er að þessum hópi sé sinnt á norrænu máli.

Félag dönskukennara skorar á yfirvöld menntamála að gæta hagsmuna íslenskra námsmanna framtíðarinnar þannig að þeir hafi um ókomna tíð sömu tækifæri til menntunar á Norðurlöndum og þeir hafa haft hingað til.

Samþykkt samhljóða á aðalfundi Félags dönskukennara, þriðjudaginn 23. febrúar 2010.